

## *Viðhorf ungmenna til mannréttinda innflytjenda og móttöku flóttafólks: Viðtalsrannsókn*

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að öðlast dýpri skilning á viðhorfum ungmenna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttafólks. Viðtöl voru tekin við 15 og 19 ára ungmenni (nítján talsins). Þemagreining var notuð til að greina gögnin og sýndi hún að flestum ungmennanna var umhugað um tækifæri innflytjenda í samfélaginu. Þemun voru íslenskukunnátta, jöfn réttindi og fordómar. Þá kom í ljós að þau ungmenni sem sýndu neikvæðari viðhorf en önnur til innflytjenda gerðu meiri greinarmun á „okkur“ og „hinum“ í orðræðu sinni um innflytjendur. Neikvæð umræða þeirra um innflytjendur einkenndist að nokkru leyti af hugmyndum um hvað það er að vera Íslendingur og af andstöðu og ótta við breytingar á íslenskri menningu, trú og samfélagi. Þá sögðu ungmennin mikilvægt að taka á móti og hjálpa flóttamönnum; þeir eigi að njóta mannréttinda eins og aðrir. Sum þeirra töldu þó nauðsynlegt að takmarka fjölda flóttamanna og athuga bakgrunn þeirra.

*Efnisorð:* Mannréttindi, borgaravitund, ungmenni, innflytjendur, flóttafólk

### INNGANGUR

Fjölmenning verður sífellt meira áberandi í samfélögum nútímans. Aukin alþjóðavæðing á þar hlut að máli með auknum samskiptum fólks, m.a. á netinu, og meiri hreyfanleika þess milli ólíkra staða í heiminum en áður. Ýmsar ástæður geta legið að baki fólksflutningum milli landa og má þar nefna átök í heimalandi og leit að betra lífi (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004). Frjálst flæði vinnuafls, sem er eitt meginmarkmiða Evrópusambandsins, hefur einnig auðveldað fólksflutninga milli Evrópulanda, þar á meðal til Íslands (EURES, e.d.).

Menningarlegur margbreytileiki ríkja hefur kallað á umræðu um mannréttindi fólks sem sest að í nýju landi. Þær áherslur urðu til dæmis áberandi í kjölfar þess

að *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna* var samþykkt árið 1948 til að tryggja grundvallarrétt fólks, óháð aldri, kyni, kynhneigð, hæfni, stöðu í samfélaginu, trúarafstöðu, litarhætti og þjóðerni (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2008).

Rík áhersla er einnig lögð á að efla borgaravitund barna og ungmenna í alþjóðlegri stefnumótun í menntamálum, m.a. skilning þeirra á mannréttindum. Dæmi um þessa áherslu má finna í verkefni á vegum Evrópuráðsins (2011) sem heitir í íslenskri þýðingu *Menntun í lýðræðislegri borgaravitund og mannréttindum*. Þar er eitt meginmarkmiðið að hvetja nemendur til að vinna að og vernda mannréttindi fólks. Í nýrri menntastefnu hér á landi eru mannréttindi einn grunnþátta menntunar í námskrám á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Árið 2008 gaf menntamálaráðuneytið út skýrslu um mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Við gerð hennar var meðal annars tekið mið af aðgerðaáætlun Sameinuðu þjóðanna (2006) og Evrópuráðsins (Flowers, 2007). Þar er lögð áhersla á að uppfræða nemendur og efla gagnrýna hugsun þeirra um mannréttindi og styrkja mannréttindamenningu í skólum. Þá er bent á að mikilvægt sé að fjalla um minnihlutahópa og hjálpa ungmennum að öðlast skilning á þeirri hindrun sem fordómar geta verið fyrir réttindum fólks og jafnri stöðu þess í samfélaginu.

Frá því um miðja 20. öld og fram á miðjan tíunda áratuginn stóð hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi nánast í stað og var í kringum 2%, en árið 2013 hafði þeim fjölgað í 6,7%. Börnum með erlendan ríkisborgararétt hefur einnig fjölgað og hafa þau aldrei verið fleiri (Hagstofa Íslands, 2013). Á Íslandi hefur verið tekið á móti hópum flóttamanna, svokölluðum kvótaflóttamönnum, frá árinu 1956. Árið 1995 var Flóttamannaráð stofnað og frá þeim tíma til ársins 2012 hefur verið tekið á móti 321 flóttamanni hingað til lands (Velferðarráðuneytið, e.d.).

Hagstofa Íslands (Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Katrín Tryggvadóttir, 2009, bls. 3) skilgreinir innflytjanda sem einstakling sem er „fæddur erlendis og af foreldrum sem eru líka fæddir erlendis, sem og báðir afar og ömmur“ og verður miðað við þá skilgreiningu hér. Á Íslandi telst flóttamaður sá sem er „utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur ... og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands.“ Ríkisfangslausir teljast einnig til flóttamanna (Lög um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælimál) nr. 115/2010).

Í ljósi aukinna samskipta barna og ungmenna af mismunandi þjóðerni og áherslu á skilning þeirra á mannréttindum er mikilvægt að átta sig á viðhorfum ungmenna hér á landi til fólks af erlendum uppruna. Þessi rannsókn beinist að því að öðlast dýpri skilning á viðhorfum ungmenna til mannréttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna með því að taka við þau viðtöl. Ungmennin eru níttján talsins í tveimur aldershópum, 15 og 19 ára. Eitt þeirra á móður af erlendum uppruna en hefur alist upp hérlendis. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn: *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*, sem annar höfundur greinarinnar stendur að (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011). Meginmarkmið heildarrannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er meðal annars eftir gildismati þess, hugmyndum um lýðræði, viðhorfi til mannréttinda, þeim áhrifum sem það telur sig hafa í samfélagi sínu og spurt hvaða áhrif það vildi hafa. Þannig er ungmennunum

gefin rödd. Þátttakendur eru um 1500 ungmenni úr þremur byggðakjörnum landsins og voru spurningalistar lagðir fyrir þau þegar þau voru 11, 14 og 18 ára og viðtöl tekin við nítján þeirra ári síðar.

## BAKSVIÐ

### Hugtökin mannréttindi og borgaravitund

Hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands (2006) kemur fram að mannréttindi séu þau réttindi „sem okkur eru nauðsynleg til að lifa sem manneskjur. ... Mannréttindi eru einnig vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist og þau vinna gegn vanþekkingu og hatri. ... Mannréttindi eru alþjóðleg ... þau eru alltaf réttindi allra einstaklinga.“ Enn fremur segir: „Hver einstaklingur ber ábyrgð á því að mannréttindi séu á engum brotin.“

Samkvæmt Ólafi Páli Jónssyni (2011) er lagður þrenns konar skilningur í hugtakið mannréttindi. Í fyrsta lagi er um að ræða lagalegan skilning og þá átt við réttindi eins og þau sem sett eru fram í Mannréttindayfirlýsingu SP. Í öðru lagi er það pólitískur skilningur sem vísar til þeirra réttinda sem tryggja á fólki, óháð alþjóðasamþykktum. Í þriðja lagi er það siðferðilegur skilningur sem felur í sér þau réttindi sem allir hafa óháð þjóðfélagsgerð eða efnahag.

Skilningur á mannréttindum er þáttur í borgaravitund fólks. Með hugtakinu borgaravitund (e. citizenship/civic engagement) er átt við „vitund fólks um merkingu þess að vera borgari í samfélagi með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem það felur í sér“ (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 40). Upprunaleg merking hugtaksins tengist gjarnan stjórnámálum eins og kosningaþátttöku (Kubow, Grossman og Ninomiya, 2000). Nú á tímum alþjóðavæðingar með auknum fólksflutningum milli landa er lögð áhersla á að víkka út hugtakið og taka mið af mannréttindum, réttlæti og fjölmenningu (Banks, 2009). Í því samhengi er rætt um alþjóðlega borgaravitund (e. cosmopolitan citizenship) og þá með hliðsjón af Mannréttindayfirlýsingu SP (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2008, Osler og Starkey, 2003). Borgaravitund sem byggist á heimsborgaralegri sýn felst meðal annars í því að virða fjölbreytileika fólks, hvort sem hann felst í mismunandi þjóðerni, menningu, kynferði, fötlun eða öðrum þáttum (Osler og Starkey, 2003). Enn fremur felst hún í því að stuðla að jafnrétti í nærsamfélaginu, í þjóðríkinu og á alheimsvísu (e. local, national and international level). Þetta þýðir að í forgrunn eru sett sammannleg og sameiginleg réttindi, skyldur og ábyrgð á því að vinna að málum sem snerta alla (Advisory Group on Citizenship, 1998).

### Viðhorf til innflytjenda

Í tímans rás hafa innflytjendur í flestum samfélögum verið framandgerðir (e. othering). Með framandgervingu er ákveðinn þjóðfélagshópur látinn líta framandi eða öðruvísi út en meirihlutinn, jafnvel þannig að meirihlutanum stafi ógn af honum (Triandafyllidou, 2006). Þannig er hópnum ýtt út á „jaðarinn“ burt frá „okkur“ sem tilheyrum „miðjunni“. Hugtakið „hinir“ kom upphaflega fram í kvenna- og kynjafræði

annars vegar og í mannfræði hins vegar (Wilkinson og Kitzinger, 1996). Rithöfundurinn Simone de Beauvoir (1997) skrifaði einnig um konuna sem „hitt kynið“ og sagði karlmanninn vera aðalviðmiðið (e. the subject). Þó að hugtakið sé fræðilega séð nýtt af nálinni má rekja hugmyndir um „hina“, þar sem litið er niður á „óæðri“ hópa samfélagsins, langt aftur í tímann. Til dæmis hafa slíkar hugmyndir verið tengdar kynþáttafordómum og félagslegri lagskiptingu í samfélaginu eins og þrælalaldi (Watkins, 2005).

Tilgangurinn með skiptingu fólks í „okkur“ og „hina“ getur verið tilraun til þess að finna hvað sameinar þá sem taldir eru tilheyra hópnum um leið og það aðgreinir þá sem standa utan hans (Unnur Karlsdóttir, 2003). Valdameiri hópurinn getur þá notað hinn hópinn til að bera sig saman við og sett sig í ráðandi stöðu (Páll Björnsson, 2009). Margt getur ákvarðað hverjir tilheyri jaðrinum, eins og kyn, stétt, kynhneigð, þjóðerni, menning, fötlun eða annað. Sá sem tilheyrir miðjunni býr yfir ákveðnu valdi yfir „hinum“ og orðræðan getur speglað það vald og valdaleysi sem kemur fram í sambandinu milli „okkar“ og „þeirra“. Með þessu valdi getur orðræðan enn fremur þaggað niður í þeim sem tilheyra jaðrinum og réttlætt hindranirnar sem mæta þeim hópi (Wilkinson og Kitzinger, 1996).

Ekki kemur á óvart að eftir því sem tengsl milli fólks af ólíkum uppruna eru betri og nánari, þeim mun jákvæðari eru viðhorf þess til ólíkra hópa (t.d. Hewstone, 2003; Leong, 2008). Skilningur á aðstæðum hópa virðist aukast og staðalmyndir og fordómar fólks minnka (Stangor, Jonas, Stroebe og Hewstone, 1996). Vinskapur milli fólks af ólíkum uppruna og litarhætti virðist hjálpa því að sjá hvað ólíkir þjóðfélagshópar eiga sameiginlegt og hvað það sjálft á sameiginlegt með fólki sem hefur annan bakgrunn (Pettigrew og Tropp, 2000). Rannsóknir hafa einnig sýnt að vinskapur barna þvert á þjóðerni ýtir undir þá tilfinningu að þau eigi eitthvað sameiginlegt með börnum af öðrum litarhætti eða með ólíkan menningarlegan bakgrunn og virðist minnka líkur á því að þau meti hvert annað út frá staðalmyndum (McGlothlin, 2004). Slíkur vinskapur virðist sömuleiðis ýta undir að þau séu tilfinningalega meðvituð um óréttlæti þess að brotið sé á öðrum vegna litarháttar eða uppruna og auki það líkur á samkennd þeirra með jafnöldrum sínum er hafa annan bakgrunn (Hallinan og Smith, 1985; McGlothlin, 2004).

Fræðimenn hafa beint sjónum sínum að viðhorfum ungs fólks til minnihlutahópa í samfélaginu eins og innflytjenda (sjá yfirlitsgrein Olander, Kirby og Schmitt, 2005). Meðal annars hefur verið staðið að alþjóðarannsóknnum á borð við *The IEA Civic Study* (The International Association for the Evaluation of Educational Achievement/IEA) árið 1999 og *The International Civic and Citizenship Education Study (ICCS)* árið 2009 (Kerr, Sturman, Schulz og Burge, 2010; Torney-Purta, Lehmann, Oswald og Schulz, 2001). Athuganirnar hafa þó ekki náð til Íslands. Í þessum rannsóknnum hefur hlutfall þátttakenda af erlendum uppruna verið mismunandi milli landa eða frá 1–20%. Niðurstöður benda til þess að unglingar (14 ára) hafi að jafnaði jákvætt viðhorf til réttinda og tækifæra innflytjenda. Sem dæmi styður meirihluti (um 80%) ungmennanna rétt innflytjenda til að viðhalda tungumáli sínu og menningu. Ekki kemur á óvart að þau sem eru af erlendum uppruna eru líklegri en önnur til að styðja réttindi og tækifæri innflytjenda (Torney-Purta o.fl., 2001).

Þegar litið er hingað heim má sjá að Íslendingar hafa verið nokkuð umburðarlyndir gagnvart innflytjendum miðað við íbúa annarra Evrópulanda (t.d. Friðrik H. Jónsson, 2003). Fram kemur einnig í könnun Rauða Kross Íslands, sem IMG Gallup stóð að árið 2005, að 19% fólks á aldrinum 15–75 ára töldu lífsgæði sín hafa batnað við fjölgun innflytjenda hér á landi en 5% töldu þau hafa versnað (Ásdís G. Ragnarsdóttir, Jón K. Árnason og Matthías Þorvaldsson, 2005).

Eftir efnahagshrunið 2008 virðast þó heldur fleiri en fyrir þann tíma telja að of margir innflytjendur hafi komið hingað til lands á síðustu árum og að þeir ógni íslensku samfélagi (Linda Björk Pálmadóttir, Jón Gunnar Bernburg, Anna Soffía Víkingsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir, 2011). Í því samhengi má nefna að nokkrar erlendar rannsóknaniðurstöður benda til þess að eftir því sem fólk álitur að menningu og efnahag landsins stafi meiri ógn af innflytjendum vaxa fordómar þess gagnvart þeim (Leong, 2008; Riek, Mania og Gaertner, 2006). Fólk sem telur innflytjendur vera ógn við samfélagið virðist einnig líta neikvæðum augum á fjölmenningu; lítill ávinningur sé fólgin í henni fyrir samfélagið. Menningu og efnahag landsins stafi nokkur hætta af komu innflytjenda og þeim er gjarnan kennt um ýmislegt sem miður fer í þjóðfélaginu. Aftur á móti eru þeir sem telja mikinn ávinning felast í komu innflytjenda til heimalands síns jákvæðari í garð innflytjenda og styðja frekar réttindi þeirra en aðrir. Þeir sjá jafnframt kosti við það að fá fleiri innflytjendur til landsins og leggja áherslu á aukin samskipti milli ólíkra hópa (t.d. Leong, 2008; McLaren, 2003).

Í athugun á viðhorfum íslenskra ungmenna til fólks af erlendum uppruna kom fram árið 1995 að þau (14 ára) voru líklegri til að samþykkja að innflytjendur ættu að eiga rétt á að kjósa til þjóðþings en ungmenni annarra þátttökupjóða (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson, 1999). Breyting virðist þó verða á viðhorfi ungmenna til innflytjenda frá árinu 1997 til 2003. Hlutfallslega fleiri grunnskólanemar í 9. og 10. bekk töldu árið 2003 (27%) að „nýbúar“ hefðu neikvæð áhrif á íslenskt samfélag en árið 1997 (15%) (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon, 2005). Hátt hlutfall (tæp 90%) ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára taldi þó kynþáttafordóma aldrei eiga rétt á sér árið 2011 (Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2011). Í rannsókninni *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*, sem þessi rannsókn er hluti af og fór fram í árslok 2009 og upphafi árs 2010, tók meirihluti ungmenna (14 og 18 ára) jákvæða afstöðu til réttinda og tækifæra innflytjenda. Sem dæmi var meirihluti þeirra, eða um 80%, hlynntur því að innflytjendur ættu að hafa tækifæri til að viðhalda upprunalegum siðum sínum og lífsstíl (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011).

Eigindlegar rannsóknir (t.d. viðtalsrannsóknir) á málefnum innflytjenda hafa að mestu snúist um reynslu og viðhorf innflytjendanna sjálfra, t.d. hvað þeim finnst hafa ýtt undir jákvæða reynslu af því að setjast að í nýju landi (t.d. Ko og Perreira, 2010) og hvort þeir hafi fundið fyrir kynþáttafordómum (t.d. Kristín Loftsdóttir, 2011). Minna hefur verið um eigindlegar rannsóknir á viðhorfum til innflytjenda, til dæmis hvernig fordómar birtast í viðhorfum fólks. Þá hafa flestar þeirra fjallað um viðhorf og fordóma fullorðinna (t.d. Valentine og McDonald, 2004). Fáir hafa því kannað viðhorf ungmenna til fólks af erlendum uppruna með eigindlegum aðferðum. Evrópsk samanburðarrannsókn (Knauth, Jozsa, Bertram-Troost og Ipgrave, 2008) á viðhorfum

ungmenna til ólíkra trúarbragða fólks í samfélagi sínu er þó dæmi um slíka nálgun en þar er ekki fjallað beint um viðhorf til réttinda innflytjenda eins og hér er gert.

## Flóttafólk og viðhorf til þess

Árið 2011 töldust 15,2 milljónir manna í heiminum til flóttafólks (UNHCR, 2011). Rannsóknir á fordómum gagnvart minnihlutahópum benda til þess að flóttamenn og hælisleitendur séu sá hópur sem flestir sýna óhikað fordóma (Valentine og McDonald, 2004).

Rannsóknir á viðhorfum barna og ungmenna til flóttamanna hafa að mestu byggst á tölfræðilegum gögnum og reynist erfitt að finna niðurstöður eigindlegra rannsókna. Í rannsókn Tenenbaums og Rucks (2012) á skilningi og rökstuðningi ungs fólks á aldrinum 11–24 ára fyrir réttindum hælisleitenda voru tekin einstaklingsviðtöl við 260 þátttakendur sem síðan voru greind með megindegum aðferðum. Fram kom að eftir því sem ungmennin voru yngri, þeim mun jákvæðari voru þau gagnvart réttindum hælisleitenda.

Niðurstöður fyrrnefndrar *IEA Civic Study* árið 1999 í 28 löndum benda til þess að eftir því sem trúarbrögð og menning er einsleitari í löndum, þeim mun jákvæðari séu 14 ára ungmenni gagnvart flóttamönnum (Torney-Purta o.fl., 2001). Í sömu rannsókn kemur fram að þau sem sýna meiri skilning á mannréttindum eru jákvæðari gagnvart flóttamönnum en önnur.

Svo virðist sem viðhorf ungmenna til móttöku flóttamanna á Íslandi hafi ekki verið könnuð fyrr en í rannsókninni *Borgaravítund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* sem þessi rannsókn er hluti af. Niðurstöður úr megindegum hluta rannsóknarinnar benda til þess að almennt taki ungmennin (14 og 18 ára) jákvæða afstöðu til þess að öll lönd ættu að taka við flóttamönnum sem flýja stríð eða ofsóknir í heimalandi sínu; um 75% voru mjög sammála og frekar sammála því (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011). Á svipuðum nótum og í rannsókn Tenenbaums og Rucks (2012) voru hlutfallslega fleiri í yngri hópnum en þeim eldri mjög sammála móttöku flóttamanna.

## Markmið og rannsóknarspurningar

Eins og fram hefur komið hafa viðhorf ungmenna til innflytjenda helst verið könnuð með því að leggja spurningalista fyrir þau með fyrirfram gefnum svarmöguleikum (erlendis t.d. Kerr o.fl. 2010, Torney-Purta o. fl. 2001; héraendis t.d. Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., 2005). Eigindlegar rannsóknir, þar sem tekin eru viðtöl við ungmenni í þeim tilgangi að fá fram dýpri skilning á viðhorfum þeirra til réttinda innflytjenda, virðast fáar bæði hér heima og á alþjóðavettvangi. Sömu sögu er að segja um viðhorf ungmenna til móttöku flóttamanna.

Brýnt er að hlusta á rödd ungmenna og leita eftir þeirri merkingu sem þau leggja hvert og eitt í réttindi innflytjenda og flóttamanna. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi kenninga innan uppeldis- og menntunarfræði og þroskasálfræði (t.d. Dewey, 2000; Kohlberg, 1984) þar sem áhersla er lögð á að við uppeldi og menntun barna og ungmenna sé brýnt að mæta ungmönnum þar sem þau eru stödd á þroskabrautinni.

Meginmarkmið rannsóknarinnar og um leið nýlunda hennar er að öðlast dýpri

skilning á viðhorfum ungmenna (nítján talsins, 15 og 19 ára) til mannréttinda innflytjenda annars vegar og móttöku flóttamanna hins vegar.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Hvaða meginstef birtast í viðhorfum ungmennanna til réttinda innflytjenda?
- Hvaða meginstef birtast í viðhorfum ungmennanna til móttöku flóttamanna?

## AÐFERÐ

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru vel til þess fallnar að dýpka þekkingu á þeirri merkingu og þeim skilningi sem einstaklingar gefa lífi sínu og reynslu (Creswell, 2007). Þær henta því vel fyrir viðfangsefni þessarar rannsóknar, en það er að laða fram viðhorf ungmenna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna. Rannsóknin er viðtalsrannsókn og er þemagreining notuð við að greina viðtölin (Creswell, 2007).

## Þátttakendur

Samtals tóku nítján ungmenni þátt í viðtölunum: níu piltar (sex 15 ára og þrír 19 ára) og tíu stúlkur (fjórar 15 ára og sex 19 ára). Eitt þeirra átti móður af erlendum uppruna en hafði alist upp hérlendis. Ungmennin í yngri hópnum voru í 10. bekk grunnskóla fyrir utan tvö þeirra sem voru komin í framhaldsskóla. Þau í eldri hópnum stunduðu öll nám í framhaldsskóla þegar viðtölin fóru fram. Við val á þátttakendum var mæling á viðhorfum ungmennanna til mannréttinda í heildarrannsókninni *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* lögð til grundvallar. Mælingunni var skipt í þrennt; þau sem skoruðu í hæsta þriðjungi, mið-þriðjungi og lægsta þriðjungi fyrir hvorn aldurshóp (14 ára, 509 talsins; 18 ára, 533 talsins). Dregin voru út nöfn tveggja stúlkna og tveggja pilta úr hverjum þriðjungi úr hvorum aldurshópi með tilviljunaraðferð, samtals 24 og náðist til 19 þeirra. Sjö ungmennanna voru búsett á höfuðborgarsvæðinu, fjögur í byggðakjarna sunnanlands og átta í byggðakjarna norðanlands.

Þátttakendum voru gefin dulnefni. Í yngri hópnum voru nöfnin: Arnaldur, Benjamín, Dagný, Eiríkur, Ellen, Gunnlaugur, Rannveig, Unnur, Viktor og Ævar. Í eldri hópnum voru það nöfnin: Finnur, Ingibjörg, Hákon, Lára, María, Svandís, Tinna, Þuríður og Úlfur.

## Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd. Fengið var leyfi fyrir rannsókninni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélögum þar sem við átti og sömuleiðis fengið leyfi frá ungmennunum, foreldrum yngri hópsins, skólastjórnendum og kennurum.

Haustið 2010 og í byrjun árs 2011 voru hálfopin einstaklingsviðtöl tekin við ungmennin. Einstaklingsviðtölin fóru öll fram í skóla viðkomandi. Viðtalið var kynnt fyrir hverju ungmenni, fyrst í gegnum síma og síðan í eigin persónu þegar hist var fyrir viðtalið. Ungmennunum var tjáð að þau tækju þátt í rannsókn á borgaravitund ungs fólks þar sem spurt yrði um viðhorf þeirra til ýmissa samfélagslegra málefna.

Í viðtölunum var leitað eftir þeirri hugsun sem liggur að baki viðhorfum ungmennanna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna. Meðal annars var spurt um rétt innflytjenda til að kjósa og tala upprunalegt tungumál sitt. Til að laða fram hugsun og afstöðu viðmælenda var svörum þeirra fylgt eftir með opnum spurningum (t.d. Hvað ... Hvernig ... Hvers vegna ... Af hverju finnst þér það mikilvægt?). Hvert viðtal tók að meðaltali 45 mínútur.

Viðtölin voru afrituð orðrétt. Öllum nöfnum var breytt, svo og öðru sem mögulegt er að rekja til viðmælenda.

## Greiningaraðferð

Gögnin voru þemagreind til að finna meginstefin í hverju viðtali fyrir sig og í viðtölunum í heild sinni. Síðan voru viðtöl við fimm ungmenni sem reyndust neikvæðari en önnur í garð innflytjenda þemagreind sérstaklega í þeim tilgangi að kafa dýpra í það sem kynni að liggja að baki neikvæðum viðhorfum hjá þessum tilteknu ungmönnum.

Með þemagreiningu var opinni kóðun (e. open coding) beitt með því að marglesa gögnin og merkja við allt sem gæti skipt máli, bæði hjá hverjum viðmælenda fyrir sig og þvert á viðmælendur. Þá var markvissri kóðun beitt (e. focused/ selective coding) með því að greina meginþemur, finna tengsl milli viðmælenda og mynda flokka. Loks var öxulkóðun (e. axial coding) notuð til að finna rauða þráðinn í gögnunum (Creswell, 2007).

## NIÐURSTÖÐUR


Viðhorf ungmennanna eru hér greind eftir efnisflokkunum: *Viðhorf til réttinda innflytjenda* og *Viðhorf til móttöku flóttamanna*.

### Viðhorf til réttinda innflytjenda

Við þemagreiningu á viðhorfum ungmennanna til innflytjenda komu fram tvö meginþemu *Tækifæri í nýju landi* og *Við og hinir*.

#### Tækifæri í nýju landi

Þrjú undirþemu komu hér fram: *Íslenskukunnátta*, *Jöfn réttindi* og *Fordómar*. Sjá má þessu þemu á mynd 1.



Mynd 1. Viðhorf til innflytjenda - þemagreining: Tækifæri í nýju landi

*Íslenskukunnátta:* Greinilegt er að íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna skiptir ungmennin miklu máli. Að þeirra mati virðist sem sú kunnátta sé lykillinn að samfélaginu; hún gefi innflytjendum tækifæri til að hafa sömu stöðu þar og aðrir.

Nánar tiltekið telja ungmennin mikilvægt fyrir innflytjendur að geta talað íslensku til að komast betur inn í samfélagið og tilheyra því. Þau benda á að íslenskan geti gert fólki erfitt fyrir við að nýta þau tækifæri sem bjóðast í nýjum heimkynnum. Erfitt sé að læra hana og geti það til dæmis komið í veg fyrir að það fái „góða“ vinnu. Íslenskukunnátta sé meðal annars mikilvæg í störfum þar sem mannleg samskipti eru mikil, eins og við kennslu og umönnunarstörf. Benjamín segir sem dæmi: „Mér finnst að kennarar eigi að geta talað íslensku þó svo það sé með einhverjum hreim ... Ef þú ert að fara tala við fólk eða þú þarft að kenna eitthvað þá finnst mér að þú ættir að geta lært tungumálið.“ Jafnframt geti lítil íslenskukunnátta gert fólki erfitt fyrir félagslega við að eignast vini og hafa almenn samskipti við fólk. Með orðum Gunnlaugs: „[Fólk] missir af svo miklu [í samskiptunum] með því að kunna ekki íslensku almennilega.“

*Jöfn réttindi:* Tækifæri innflytjenda til jafnra réttinda á við aðra er ungmennunum hugleikið. Þau draga fram rétt til að hafa skoðun og áhrif, m.a. með því að kjósa. Taka má sem dæmi að þau Eiríkur, Gunnlaugur og Tinna telja að innflytjendur ættu að hafa áhrif á „kerfið“ og fá að taka þátt í að móta íslensk „lög og reglur“ vegna þess að þeir þurfi að fara eftir þeim eins og aðrir og því sé rödd þeirra jafn mikilvæg og annarra í samfélaginu. Þuríður vísar til „okkar“ í sporum innflytjenda í þessu samhengi: „Við myndum líka alveg vilja hafa áhrif ef við myndum flytja eitthvað út.“ Og Ævar heldur því fram að það felist réttlæti í því að foreldrar barna af erlendum uppruna fái að kjósa: „Eins og ef ein stelpa sem er jafn gömul mér og foreldrar hennar flytja hingað og síðan myndu mínir foreldrar fá að kjósa um allt en ekki hennar; það væri bara ekki réttlátt.“

Hjá ungmennunum kemur einnig fram sú skoðun að innflytjendur hafi rétt á og ættu að fá tækifæri til að „viðhalda sínu“ eins og þau orða það. Þar eiga þau meðal annars við það að viðhalda upprunalegu tungumáli sínu, siðum og lífsstíl. Þau færa þau rök fyrir því að mikilvægt sé að innflytjendur týni ekki menningu sinni og tungu: „Þetta er bara það sem gerir mann að því sem maður er,“ segir Hákon. Þannig vísa þau beint og óbeint til sjálfsmyndar fólks. Eiríkur tekur sem dæmi að fólk hafi „rétt til þess“ að „halda sinni trú og sínum siðum“ ef það kys svo; það sé „réttlátt ... annars missir það eiginlega hluta af sjálfum sér.“ Svandís talar um byggingu trúarlegs húsnaðis í þessu samhengi: „Þetta er bara ákveðið frelsi fyrir þau og mannréttindi.“ Ungmennin benda jafnframt á að gott sé fyrir innflytjendur að geta hitt aðra af sínum eigin uppruna. Það geti ýtt undir samheldni fólks og veitt því „öryggisfinningu“ sem sé mikilvægt eins og Ellen tekur til orða „til að muna hvaðan maður er kominn og hver maður er. Ég held að það hjálpi manni á nýjum stað.“

*Fordómar:* Ungmennin tala einnig um fordóma og að þeir geti dregið úr tækifærum fólks af erlendum uppruna hér á landi. Mjög erfitt geti verið fyrir innflytjendur að flytjast hingað og komast inn í menninguna. Tinna telur að Íslendingar líti „oft niður á útlendinga“ og Þuríður tekur svo til orða: „Hér eru svo rosalega miklir fordómar og margir eru rosalega grófir í því og alhæfa allt yfir alla.“ Í þessu samhengi segir Finnur

Íslendinga vera „þínu rasista“ og innflytjendur verði stundum fyrir aðkasti fólks. Ástæðuna telur hann vera þá að þeir séu „öðruvísi. Kannski er einhver hræddur við þetta [að fá þá hingað] eða finnst sér vera ógnað eða eitthvað.“ Af sömu ástæðu segir hann aðflutt börn oft lenda í einelti: „Bara út af því að þau eru öðruvísi.“ Benjamín tengir fordóma við neikvæðar staðalmyndir sem koma fram í kvikmyndum: „Ég held að það sé alveg rosalega mikið kynþáttahatur í þessu landi. Ég held að fólk sé bara hrætt og búið að horfa [á] alltof mikið af myndum og þess vegna segir það bara innflytjandi = slæmt.“

Ungmennin telja jafnframt mismunandi eftir upprunalandi hvernig sé fyrir fólk að flytjast hingað til lands: „Það skiptir rosa miklu máli hvaðan maður er,“ segir Svandís. Miklu betur sé tekið á móti Norðurlandabúum en öðrum. Hákon tekur sem dæmi að erfitt sé fyrir Pólverja að flytjast hingað vegna neikvæðra staðalmynda hér á landi. Í þessu samhengi benda ungmennin á að erfitt sé að vera ekki viðurkenndur í nýju samfélagi vegna fordóma. Með orðum Dagnýjar: „Það líður öllum illa [fólki líður illa] þegar það er ekki velkomið einhvers staðar og þegar verið er að tala um mann. Við höfum öll tilfinningar.“ Hún setur sig þannig tilfinningalega í spor innflytjenda.

### Við og hinir

Fimm ungmennanna eru neikvæðari gagnvart innflytjendum en önnur. Hjá þeim er áberandi að þau aðgreina innflytjendur sem „þau“ (hinir) og innfædda Íslendinga sem „við“. Tvö þeirra eru 15 ára (Rannveig, Unnur) og þrjú 19 ára (Finnur, Ingibjörg, Lára). Fram koma tvö undirþemu: *Andstaða og ótti við breytingar* og *Að vera Íslendingur*. Mynd 2 sýnir þessi þemu.



Mynd 2. Viðhorf til innflytjenda - þemagreining: Við og hinir

*Andstaða og ótti við breytingar:* Orðræða ungmennanna um „okkur og hina“ kemur fram á ýmsa vegu. Hún snýst meðal annars um það hvort það sem „þau“ geri trúfli „okkur Íslendinga“. Jafnframt kemur fram tiltekin andstaða og ótti við breytingar sem þau telja geta hugsanlega fylgt innflytjendum og er ekki að finna hjá hinum ungmennunum. Í þessu samhengi segir Finnur:

Ef einhver er að koma hingað þá finnst mér að hann eigi ekki að vera að reyna að breyta einhverju sem er hjá okkur. Af því að þetta er bara okkar land og mér finnst bara að það eigi að halda áfram þeirri menningu sem við erum með; ekki láta einhverja aðra breyta sem flytja inn í landið.

Framandgerving Finns á innflytjendum birtist hér þannig að „við“ Íslendingar virðumst vera normið sem „þau“, sem flytja hingað, gætu hugsanlega truflað með gjörðum sínum eða þau gætu breytt samfélagi og menningu „okkar“ á einhvern hátt. Í þessum orðum virðist ekki hugað að því að „við“ gætum átt eitthvað sameiginlegt með „þeim“ eða að samfélagið sé einnig „þeirra“ á einhvern hátt.

Nokkur þeirra slá úr og í; fólk af erlendum uppruna á að fá að ráða lífsstíl sínum en þó innan ákveðins ramma. Rannveig segir sem dæmi: „Bara mega vera eins og þau vilja vera ... hvernig þau vilja lifa, en ekki opna svona pólskar búðir eins og í Breiðholti.“ Segja má að nokkurrar mótsagnar gæti í orðum hennar að „þau“ eigi að fá að lifa á þann hátt sem þau kjósa en ættu samt sem áður ekki að fá að opna eigin verslanir. Annað dæmi er þegar Unnur ræðir skoðun sína á því hvort fólk af erlendum uppruna eigi að fá að kjósa í kosningum. Hún segir að þar sem Ísland sé „okkar land“ þá ættum „við“ bara að fá að kjósa okkar ríkisstjórn.“ Hún bætir þó við: „Ég hef ekkert á móti því að þau kjósi og þau mega alveg kjósa ef þau vilja, en ef ég væri útlendingur þá myndi ég ekkert vera að kjósa í öðrum löndum.“ Hún segist því ekki hafa á móti því að „þau“ kjósi en samt virðist hún vera á því að það séu einungis „við“ sem kjósum. Ef til vill er hún tvístígandi í afstöðu sinni.

Andstöðu við breytingar á menningu hér á landi má einnig greina. Finnur hefur orðið: „Þegar þú flytur inn í nýtt land, þá finnst mér að þú eigir að taka upp þá menningu sem er í því landi.“ Hann bætir við um tungumálið: „Ef það [fólkið] vill hafa það svoleiðis áfram hjá sér [að tala móðurmál sitt] þá getur það bara haft það á heimilinu. Mér finnst ekki að það ætti að vera að breiða það út fyrir heimilið.“ Þá virðist Lára mótfallin breytingum á trúmálum þjóðarinnar sem mögulega gætu fylgt innflytjendum: „Íslendingar eru langflestir kristnir og já, mér finnst við eiginlega bara eiga að vera kristin þjóð.“


*Að vera Íslendingur:* Hjá ungmennunum fimm er einnig meira áberandi en hjá hinum hvernig þau tala um hvað það sé „að vera Íslendingur“. Þau tengja það t.d. kosningaréttinum. Sem dæmi má taka að Ingibjörgu finnst að innflytjendur sem hafa búið hér á landi í nokkur ár eigi ekki að fá að kjósa nema þeir hafi íslenskan ríkisborgararétt:

Þetta er Ísland, þetta eru okkar stjórnvöld, þið komið hingað til okkar, við erum búin að vera hérna alltaf. Mér finnst einhvern veginn að það ættu að vera Íslendingar hvort sem þú ert þá útlendingur með íslenskan ríkisborgararétt eða bara þjúra Íslendingur.

Eins og sjá má er hér greint skýrt á milli Íslendinga og annarra. Lára talar á svipuðum nótum og segir að til þess að geta tekið þátt í kosningum ættu innflytjendur að hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt: „Ef þau eru komin með íslenskan ríkisborgararétt, eru orðin hluti af þjóðinni og bara góðir íbúar, þá finnst mér alveg sanngjarnt að þau hafi líka rétt ... Mér finnst bara að Íslendingar eigi að kjósa í svona stjórnir.“

## Viðhorf til móttöku flóttafólks

Fram komu þrjú þemu við greiningu á orðum ungmennanna um móttöku flóttafólks sem flýr stríð eða ofsóknir í heimalandi sínu. Eins og sjá má á mynd 3 eru þau: *Mannréttindi*, *Val og takmörkun á flóttafólki* og *Siðgæði og hjálpssemi*.



Mynd 3. Viðhorf til móttöku flóttafólks – þemagreining

### Mannréttindi

Ungmennin nálgast mannréttindi flóttafólks með ýmsu móti. Dagný leggur áherslu á öruggt umhverfi: „Mér finnst að allir flóttamenn ættu að geta fengið að flýja til öruggra staða þar sem þeir eru öruggir.“ Ástæðuna segir hún vera þá að „við höfum öll rétt á því að vera örugg og hafa húsaskjól, af því við erum öll mannleg.“ Svandís bendir einnig á mikilvægi öryggis tilfinningar og segir óviðunandi fyrir fólk að búa við stríðsástand:

Maður þorir ekkert að senda barnið sitt í skóla af ótta við að það verði fyrir sprengjuárás. Þannig að mér finnst alveg að það [fólkið] ætti að fá tækifæri til að vera í öruggu umhverfi. Það er eiginlega bara grundvöllur í þarfapýramídanum hjá manneskju. Ef maður finnur ekki fyrir öryggi þá hrynur allt annað.

Rök Finns fyrir því að aðstoða eigi flóttafólk eru þau að mikilvægt sé „að allir fái [þau] mannréttindi sem þeir ættu að hafa svo að þeir geti lifað sem bestu lífi.“ Og Eiríkur vísar í vilt sambandi með áherslu á jafngildi fólks í rökstuðningi sínum fyrir því að taka á móti flóttamönnum: Mikilvægt sé „að sjá að það [flóttafólk] er hluti af jörðinni. Það eru allir lítill hluti [hennar] og það skipta allir jafn miklu máli.“

### Val og takmörkun á flóttafólki

Sum ungmennin eru þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að tekið sé á móti öllu flóttafólki. Mikilvægt sé að kanna bakgrunn þess. Til dæmis segir Hákon: „Það þarf að líta á hvort þeir hafa gert eitthvað [af sér]. Þá er kannski betra að fram-selja þá til yfirvalda sem hafa með það að gera.“ Hann bætir við: „Svo lengi sem maður sendir þau ekki í opinn dauðann bara.“ Sjá má að hann hugar jafnframt að hugsanlegum afleiðingum þess fyrir flóttafólk ef landvistarleyfi þess er hafnað. Þá kemur fram

að takmarka þurfi fjölda flóttafólks til að þess sé gætt að hér „myndu ekki hrúgast inn mörg hundruð manns“ eins og Tinna orðar það. Ef til vill komi okkur heldur ekki við allur þessi fjöldi flóttamanna annars staðar frá. Finnur hefur orðið: „Mér finnst skrytið þegar land er að fyllast af einhverjum flóttamönnum, sem eru kannski annars staðar úr heiminum. Þá kemur það kannski okkur ekki það mikið við.“

### Siðgæði og hjálpssemi

Ungmennin líta jafnframt á mikilvægi hjálpssemi frá mismunandi sjónarhornum. Sem dæmi telur Ellen það betra fyrir land og þjóð að taka á móti flóttafólki því að það sé „alltaf gott að hjálpa. Manni líður vel ef maður hjálpar og ég held að Íslendingum myndi bara líða vel með að hafa hjálpað fólki sem þurfti hjálp.“ Þannig hugar hún að líðan Íslendinga við að veita hjálparhönd. Gunnlaugur beinir athyglinni meira að þeim sem eru hjálparþurfi og virðist siðferðilegur tónn í hugsun hans: „Mér finnst alveg sjálfsagt að hjálpa [þeim] sem minna mega sín í samfélaginu.“ María leggur einnig áherslu á hjálpsemina og setur sig í spor fólks sem býr við stríð: „Óbreyttir borgarar sem fara með barnið sitt í leikskóla og síðan lendir sprengja á þeim og þau deyja; út af engu. Þannig, mér finnst að við ættum að hjálpa til.“ Hún vísar þannig óbeint að siðferðilegri skyldu okkar að hjálpa flóttafólki. Eiríkur segir um mikilvægi samhjálpar að best væri að reyna að aðstoða flóttafólk í stað þess að senda það aftur í aðstæðurnar sem það hefur flúið frá: „Bara upp á hjálpsemina, því að ef fólk hjálpast að verður betra að [lifa] lífinu. Þá sér fólk að það er ekkert öllum sama.“ Vísi að mikilvægi gagnkvæmrar hjálpssemi má því sjá í orðum hans í tengslum við samkennd og lífsgæði. Þá kemur Benjamín inn á mannlegt siðferði og telur sjálfsagt að taka á móti flóttafólki; það fylgi því að vera „manneskja að axla slíka ábyrgð“. Hann bætir við að stjórnvöld megi ekki líta undan heldur „axla ábyrgðina“ á því að taka á móti nauðstöddu flóttafólki: „Annað væri bara siðlaust.“ Við værum með því „að leyfa manneskjunni að deyja eða“ að „ráðist“ yrði á hana eða hún „pyntuð og það er bara ekkert rétt.“

## UMRÆÐA

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast dýpri skilning á viðhorfum ungmenna til innflytjenda annars vegar og til móttöku flóttamanna hins vegar. Fyrst verður gerð grein fyrir viðhorfum ungmennanna til innflytjenda og síðan viðhorfum þeirra til móttöku flóttamanna.

### Viðhorf til innflytjenda

Á heildina litið eru flest ungmennanna jákvæð gagnvart réttindum innflytjenda og rímar það við niðurstöður fyrri rannsókna hér á landi sem hafa sýnt að meirihluti Íslendinga sé jákvæður í garð innflytjenda (t.d. Ásdís G. Ragnarsdóttir o.fl., 2005; Friðrik H. Jónsson, 2003). Einnig rímar það við niðurstöður úr megindelegum hluta þessarar rannsóknar sem sýna að um 80% þátttakenda styðja ýmis réttindi innflytjenda hér á landi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011).

### Tækifæri í nýju landi

Ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að ungmennin leggja áherslu á að innflytjendur fái tækifæri til að njóta sín í nýju landi og þeim finnist þeir vera hluti af samfélaginu. Til þess að svo geti orðið telja þau mikilvægt að innflytjendur læri íslensku og hafi jöfn réttindi á við aðra íbúa landsins. Þeir hafi meðal annars rétt til þess að viðhalda tungu sinni, trú og lífsstíl og það sé mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra. Ungmennin benda jafnframt á að fordómar gagnvart innflytjendum í samfélaginu geri þeim erfitt fyrir að komast inn í samfélagið og það takmarki tækifæri þeirra í samfélaginu.

Áhersla ungmennanna á íslenskukunnáttu innflytjenda samræmist áherslum ýmissa opinberra stofnana hér á landi eins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hjá þeirri síðarnefndu er því haldið fram að tungumálið sé lykill að tækifærum og virkri þátttöku í samfélaginu og að innflytjendur, og þó sér í lagi börn af erlendum uppruna, eigi rétt á að læra íslensku til að þau verði ekki utanveltu í samfélaginu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Meirihluti innflytjenda á Íslandi sýnir einnig vilja til að læra íslensku. Í rannsókn Félagsvísindastofnunar og Fjölmenningarseturs frá árinu 2009 segjast 86% þátttakenda vilja læra íslensku eða læra hana betur; aðeins 6% þeirra segjast ekki vilja læra íslensku eða ekki vilja læra hana betur (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009). Viðtalsrannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi renna enn fremur stoðum undir það að innflytjendur hafi áhuga á að læra íslensku (t.d. Kristín Erla Harðardóttir, Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2007).

Áhersla ungmennanna á réttindi innflytjenda til að hafa áhrif og rödd í samfélaginu endurspeglar niðurstöður erlendra rannsókna þar sem komið hefur í ljós að mörg börn og ungmenni rökstyðja mikilvægi tjáningarfrelsis með því að vísa til þess að allir eigi rétt á að hafa rödd í lýðræðislegum og pólitískum stofnunum samfélagsins (t.d. Wainryb, 2006).

Orðræða ungmennanna um mikilvægi þess fyrir innflytjendur að viðhalda þáttum sem tengjast sjálfsmynd þeirra, eins og tungumáli, trú og lífsstíl, rímar við umræðu fræðimanna um mikilvægi þess að fólk sem flyst til annars lands viðhaldi sjálfsmynd sem tengist upprunalandi þess (t.d. Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra, 2004; Phinney og Alipuria, 1990).

Líkt og ungmennin tala um að fordómar geti takmarkað möguleika og gert líf innflytjenda hér á landi erfiðara hefur komið fram hjá fræðimönnum að fordómar vegna uppruna eða litarháttar fólks skerði tækifæri og réttindi þess í samfélaginu (sjá t.d. Osler, 2008). Sú skoðun eins viðmælandans að neikvæðar staðalmyndir í kvikmyndum geti kynt undir fordóma gagnvart innflytjendum minnir jafnframt á hvað kvikmyndir og fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki við að skapa þá ímynd sem almenningur fær af innflytjendum. Bresk rannsókn á fordómum bendir til þess að fólk vísi oft til fjölmiðla þegar það réttlætir viðhorf sín til fólks af erlendum uppruna og að fjölmiðlar kyndi oft og tíðum undir þá upplifun fólks að koma innflytjenda og flóttafólks sé ógn við samfélagið sem fyrir er (Valentine og McDonald, 2004).

## Við og hinir

Önnur meginniðurstaða rannsóknarinnar var sú að fimm ungmennanna framandgera innflytjendur í meira mæli en hin ungmennin. Þau gera greinarmun á innflytjendum sem „þeim“ eða „hinum“ og á innfæddum Íslendingum sem „okkur“.

Ungmennin fimm eru nokkuð upptekin af því hvað það sé að vera Íslendingur og óttast að einhverju leyti þær breytingar sem þau telja að geti orðið á samfélaginu með komu innflytjenda, sérstaklega með tilliti til menningar, tungumáls og trúmála. Þau virðast því vera frekar neikvæð gagnvart innflytjendum. Þessar niðurstöður eru samhljóða niðurstöðum breskrar viðtals- og rýnihóparannsóknar á fordómum fullorðinna (Valentine og McDonald, 2004). Þar kemur fram að þeir sem sýna opinskáa fordóma gagnvart innflytjendum framandgeri þá í meiri mæli en aðrir, þ.e. þeir tala frekar um innflytjendur sem „þá“ eða „hina“ eins og ungmennin fimm í þessari rannsókn.

Orðræðu ungmennanna um hvað það sé að vera Íslendingur má tengja við aukna umræðu í samfélaginu um merkingu þess að vera Íslendingur (sjá t.d. Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009). Páll Björnsson (2009) hefur til dæmis rakið hvernig „slagorðið Ísland fyrir Íslendinga“ hefur verið notað síðastliðin hundrað ár. Hann bendir á að notkunin á orðinu hafi breyst á síðustu árum úr því að beinast að aðskilnaði Íslands og Danmerkur, hersetu Bandaríkjamanna og veiðum annarra þjóða hér við land yfir í það að vera notað undantekningarlaust í tengslum við innflytjendur. Með notkun þess eru innflytjendur því framandgerðir.

Í doktorsritgerð sinni, *Hinn sanni Íslendingur*, fjallar Sigríður Matthíasdóttir (2004) um mótun íslenska þjóðríkisins og samspil þjóðernishyggju og kyngervis á fyrri hluta 20. aldar. Hún færir meðal annars rök fyrir því að snemma á 20. öld hafi „hinn sanni Íslendingur“ vísað til hins pólitíska karlmanns og breyttist það ekki fyrr en konur hófu að taka virkari þátt í opinberu lífi. Áhugavert væri að kanna stöðu slíkra hugmynda í dag og hvort hugsun fólks um „hreina menningu“ og „Ísland fyrir Íslendinga“ ýti undir neikvæð viðhorf til innflytjenda.

Andstaða og jafnvel ótti ungmennanna við breytingar með tilkomu innflytjenda endurspeglar niðurstöður rannsókna sem benda til þess að ótti við það sem er framandi ýti undir fordóma gagnvart ólíkum þjóðfélagshópum (Leong, 2008; McLaren, 2003). Þeir sem eru óöruggir í nálægð við fólk úr ólíkum þjóðfélagshópum eða telja sér ógnað í samskiptum við það búi yfir neikvæðari viðhorfum og meiri fordómum gagnvart því en aðrir (Riek o.fl., 2006).

## Viðhorf til móttöku flóttafólks

Þriðja meginniðurstaða rannsóknarinnar er áhersla ungmennanna á mikilvægi þess að hjálpa flóttafólki í neyð. Þau vísa einkum til mannréttinda, siðgæðis fólks og hjálpssemi.

Áherslur ungmennanna á þá siðferðilegu ábyrgð og skyldu að hjálpa flóttafólki í ljósi mannréttinda þess endurspeglar boðskap Mannréttindayfirlýsingar SP (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2008) um að allir eigi rétt á mannsemandi lífi þar sem við höfum sammannlegar þarfir (Osler, 2008). Með áherslu sinni á að hjálpa eigi flóttafólki, í ljósi þess að betra sé að lifa í samfélagi þar sem fólk hjálpast að, virðast þau líta á hjálpssemi sem mikilvæga dygð eða mannkosti fólks í samfélaginu.

Nokkur ungmennanna eru þó ekki tilbúin til að taka á móti fjölda flóttafólks. Í því samhengi má nefna að erlendar rannsóknir á viðhorfum til flóttamanna hafa sýnt að fólk álítur oft að flóttafólk sé orðið of margt í landinu og að það annað hvort taki störf af þeim íbúum sem fyrir eru eða nenni ekki að vinna (Valentine og McDonald, 2004). Ungmennin vilja heldur ekki taka á móti hverjum sem er; kanna þurfi bakgrunn flóttafólks. Segja má að sú hugsun þeirra endurspegli ákvæði Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna; þar segir að ekki eigi að taka á móti þeim sem gerst hafi sekir um alvarlega glæpi (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Helstu takmarkanir rannsóknarinnar felast í þeim þætti sem snýr að viðhorfi ungmennanna til móttöku flóttafólks þar sem leita hefði mátt nánar eftir viðhorfum þeirra til réttinda þess. Þá byggjast niðurstöðurnar á viðtölum, aðferð sem getur verið takmarkandi að því leyti að ungmennin geta verið misjafnlega í stakk búin til að lýsa hugmyndum sínum og reynslu.

Styrkleikar rannsóknarinnar eru m.a. þeir að leitað er eftir röddum ungmenna um málefni fólks af erlendum uppruna með eigindlegum aðferðum til að öðlast betri skilning á hugsun þeirra. Hingað til hafa viðhorf þeirra oftast verið athuguð með tölfræðilegri úrvinnslu spurningalista sem lagðir hafa verið fyrir þau (megindleg aðferðafræði). Í viðtals- eða rýnihóparannsóknum hefur athyglin jafnframt beinst að viðhorfum fullorðinna frekar en ungmenna. Þá hafa viðhorf ungmenna til móttöku flóttamanna ekki verið könnuð áður á alþjóðavísu með eigindlegum viðtölum svo að vitað sé til. Rannsóknin ætti því að vera þarft framlag á þessu sviði bæði hér á landi og erlendis.

## NIÐURLAG

Gildi rannsóknarinnar felst í því að dýpri innsýn fæst í viðhorf ungmenna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna. Meginniðurstöður eru þær að almennt sýna ungmennin jákvæð viðhorf til innflytjenda; þau styðja rétt þeirra til að taka þátt í samfélaginu og til að viðhalda sjálfsmynd sinni. Jafnframt vísa mörg þeirra til réttlætissjónarmiða eins og mannréttinda, jafnréttis og sanngirni í rökstuðningi sínum fyrir réttindum innflytjenda og móttöku flóttamanna. Á margan hátt sýna þau getu til að setja sig í spor fólks sem hefur sest að í nýju landi.

Aðildarríki Mannréttindayfirlýsingar SÞ hafa skuldbundið sig til þess að efla þekkingu barna og ungmenna á mannréttindum (Osler, 2008). Í þess konar fræðslu er meðal annars lögð áhersla á að fjalla um stöðu minnihlutahópa í samfélaginu (Gaudelli og Fernekes, 2004; Osler, 2008) til að auka skilning á aðstæðum ólíkra hópa. Með því að huga að viðhorfum ungmenna til málefna innflytjenda með þeirri aðferð sem hér var notuð fæst mynd af því hvernig þau hugsa um innflytjendur og réttindi þeirra og hvernig þau skilja mannréttindi almennt. Aukinn skilningur á hugsun þeirra og viðhorfum ætti að geta lagt mikilvægan grunn að því að efla borgaravitund þeirra og mannréttindahugsun. Sem dæmi má taka að með því að skoða bæði jákvæð og neikvæð viðhorf þeirra til þessa málaflokks, eins og hér var gert, fæst skýrari mynd af því hvers vegna sum ungmenni sýna neikvæð viðhorf til innflytjenda, sem læra má af.

Niðurstöðurnar minna á mikilvægi þess að unnið sé gegn ótta við komu innflytjenda hingað til lands. Ótti við innflytjendur og fordómar gegn þeim tengjast nánnum böndum (t.d. Leong, 2008; Riek o.fl., 2006). Í víðara samhengi er brýnt að vinna gegn fordómum og ýta undir að ungmenni tileinki sér þau viðhorf og þá hegðun sem er grunnur þess að allir fái notið mannréttinda (Menntamálaráðuneytið, 2008). Um leið er mikilvægt að efla trú ungmenna á að þau geti haft áhrif í mannréttindabaráttu með því að fræða þau um ábyrgð hvers og eins í henni. Ekki er hægt að krefjast eigin réttinda án þess að vera tilbúin(n) til að verja réttindi annarra (Gaudelli og Fernekes, 2004; Osler, 2008). Hægt væri að vinna með ótta og fordóma gagnvart innflytjendum með gagnrýninni umræðu, meðal annars í mannréttindafræðslu og félagsgreinum í grunn- og framhaldsskólum.

Við bindum vonir við að niðurstöðurnar nýtist þeim sem ala upp og mennta börn og ungmenni. Þær hvetji þá til að styrkja félagstengsl barna og ungmenna sem hafa ólíkan bakgrunn, efla samskiptahæfni þeirra, siðferðiskennd og borgaravitund og um leið skilning á mannréttindum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Þar geta heimilin, skólinn, frístundaheimili og félagasamtök, eins og Rauði krossinn, gegnt veigamiklu hlutverki.

Í fjölmeningarlegu samfélagi skiptir máli að allir finni að þeir tilheyri heild. Jákvæð viðhorf ungmenna til réttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna gefa von um að möguleiki sé á því að innflytjendur fái að njóta réttinda og taka fullan þátt í samfélaginu hér á landi. Um leið verðum við að vera meðvituð um að neikvæð viðhorf sé jafnframt að finna, reyna að skilja hvað ýtir undir þau og gæta þess að þau fái ekki að þrífast. Þannig nær gott fjölmeningarlegt samfélag að vaxa og dafna.

## ATHUGASEMD

Rannsóknasjóður Rannís og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veittu Sigrúnu Aðalbjarnardóttur mikilvæga styrki til þessarar rannsóknar sem er hluti rannsóknarinnar *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Unnið er að rannsókninni á rannsóknasetrinu *Lífshættir barna og ungmenna* við Háskóla Íslands. Unga fólkið sem tók þátt í rannsókninni fær sérstakar þakkir. Skólastjórnendum og skólameisturum, kennurum unga fólksins og foreldrum þeirra eru einnig færðar bestu þakkir. Jafnframt er Evu Harðardóttur, sem tók hluta viðtala við ungmennin, þakkað sérstaklega.

## HEIMILDIR

Advisory Group on Citizenship („Crick report“). (1998). *Education for citizenship and the teaching of democracy in schools: Final report of the Advisory Group on Citizenship, 22 September 1998*. London: Qualifications and Curriculum Authority. Sótt af <http://dera.ioe.ac.uk/4385/1/crickreport1998.pdf>

- Ásdís G. Ragnarsdóttir, Jón K. Árnason og Matthías Þorvaldsson. (2005). *Viðhorf til nokkurra minnihlutahópa*. Reykjavík: IMG Gallup.
- Banks, J. A. (2009). Diversity, group identity and citizenship education in a global age. Í J. A. Banks (ritstjóri), *The Routledge international companion to multicultural education* (bls. 303–322). New York: Routledge.
- Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson. (1999). *Æska og saga: Söguvitund íslenskra unglinga í evrópskum samanburði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.
- de Beauvoir, S. (1997). *The second sex*. (H. M. Parshley þýddi). London: Vintage. (Upphaflega gefið út 1949).
- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1933).
- EURES. (e.d.). EURES: Vefgátt um flæði vinnuafls í Evrópu. Sótt af <http://ec.europa.eu/eures/main.jsp?acro=eures&lang=is&catId=1&parentId=0>
- Evrópuráðið. (2011). Education for democratic citizenship and human rights. Brussel: Höfundur. Sótt af [http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/default\\_en.asp](http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/default_en.asp)
- Flowers, N. (ritstjóri). (2007). *Compasito: Manual on human rights education for children*. Budapest: Council of Europe, Directorate of Youth and Sport.
- Friðrik H. Jónsson. (2003). Afstaða Íslendinga til útlendinga. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003* (bls. 495–504). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gaudelli, W. og Fernekes, W. R. (2004). Teaching about global human rights for global citizenship: Action research in the social studies curriculum. *The Social Studies*, 95(1), 16-26.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Sergio Morra. (2004). Orðræða ungs fólks um sjálfsmyndir, þjóðarvitund og hnattvæðingu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 49–62.
- Gunnar E. Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Lífsviðhorf og gildi: Viðhorfakönnun meðal ungs fólks í framhaldsskólum á Íslandi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/009.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2013). Erlendir ríkisborgarar 1950–2013. Sótt af <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hallinan, M. T. og Smith, S. S. (1985). The effects of classroom racial composition on students' interracial friendliness. *Social Psychology Quarterly*, 48(1), 3–16.
- Hewstone, M. (2003). Intergroup contact: Panacea for prejudice? *Psychologist*, 16(7), 352–355.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Jón Sigfússon. (2005). *Félagslegir bakgrunnshættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- International Association for the Evaluation of Educational Achievement. (2011). The international civic and citizenship education study, 2009. Sótt af [http://www.iea.nl/iccs\\_2009.html](http://www.iea.nl/iccs_2009.html)

- Kerr, D., Sturman, L., Schulz, W. og Burge, B. (2010). *ICCS 2009 European report: Civic knowledge, attitudes and engagement among lower-secondary students in 24 European countries*. Amsterdam: IEA.
- Knauth, T., Jozsa, D.-P., Bertram-Troost, G. og Ipgrave, J. (ritstjórar). (2008). *Encountering religious pluralism in school and society: A qualitative study of teenage perspectives in Europe*. Münster: Waxmann.
- Ko, L. K. og Perreira, K. M. (2010). "It turned my world upside down": Latino youths' perspectives on immigration. *Journal of Adolescent Research*, 25(3), 465–493.
- Kohlberg, L. (1984). *The psychology of moral development: The nature and validity of moral stages*. San Francisco: Harper & Row.
- Kristín Erla Harðardóttir, Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2007). Innflytjendur: Viðurkenning og virðing í íslensku samhengi. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007* (bls 449–459). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/8481>
- Kristín Loftsdóttir. (2011). Skörun kynþáttafordóma og þjóðernishyggju: Fólki af afrískum uppruna á Íslandi. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 373–380). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10261>
- Kubow, P., Grossman, D. og Ninomiya, A. (2000). Multidimensional citizenship: Educational policy for the 21st century. Í J. J. Cogan og R. Derricott (ritstjórar), *Citizenship for the 21st century: An international perspective on education* (bls. 131–150). London: Kogan Page.
- Leong, C-H. (2008). A multilevel research framework for the analysis of attitudes toward immigrants. *International Journal of Intercultural Relations*, 32(2), 115–129.
- Linda Björk Pálmadóttir, Jón Gunnar Bernburg, Anna Soffía Víkingsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir. (2011). Fordómar og umburðarlyndi Íslendinga fyrir og eftir hrún. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2011: Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 421–427). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10261>
- Lög um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (hælimál) nr. 115/2010.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Útlendingar og fólk af erlendum uppruna. Sótt af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/utlendingar/>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2006). Spurt og svarað. Sótt af <http://www.humanrights.is/spurt-og-svarad/>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2008). Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Sótt af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/>
- McGlothlin, H. E. (2004). *Children's decision-making about social relationships: The impact of similarity, racial attitudes, and intergroup contact*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Maryland. Sótt af <http://drum.lib.umd.edu/bitstream/1903/1489/1/umi-umd-1441.pdf>

- McLaren, L. M. (2003). Anti-immigrant prejudice in Europe: Contact, threat perception, and preferences for the exclusion of migrants. *Social Forces*, 81(3), 909–936.
- Menntamálaráðuneytið. (2008). *Mannréttindafræðsla á Íslandi: Tillögur að mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Olander, M., Kirby, E. H. og Schmitt, K. (2005). *Attitudes of young people toward diversity*. College Park: University of Maryland, The Center for Information and Research on Civic Learning and Engagement. Sótt af <http://www.civicyouth.org/PopUps/FactSheets/Attitudes%202.25.pdf>
- Osler, A. (2008). Human rights education: The foundation of education for democratic citizenship in our global age. Í J. Arthur, I. Davies og C. Hahn (ritstjórar), *The Sage handbook of education for citizenship and democracy* (bls. 455–467). London: Sage.
- Osler, A. og Starkey, H. (2003). Learning for cosmopolitan citizenship: Theoretical debates and young people's experiences. *Educational Review*, 55(3), 243–254.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Katrín Tryggvadóttir. (2009). Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008. *Hagtiðindi*, 94 (4), 1–24. Sótt af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077>
- Páll Björnsson. (2009). Ísland fyrir Íslendinga: Greining á notkun og endurvinnslu pólitísks vígorðs. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2009* (bls. 239–252). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/7600>
- Pettigrew, T. F. og Tropp, L.R. (2000). Does intergroup contact reduce prejudice? Recent meta-analytic findings. Í S. Oskamp (ritstjóri), *Reducing prejudice and discrimination: The Claremont Symposium on Applied Social Psychology* (bls. 93–114). Mahwah: Lawrence Erlbaum.
- Phinney, J. S. og Alipuria, L. L. (1990). Ethnic identity in college students from four ethnic groups. *Journal of Adolescence*, 13(2), 171–183.
- Riek, B. M., Mania E. W. og Gaertner, S. L. (2006). Intergroup threat and outgroup attitudes: A meta-analytic review. *Personality and Social Psychology Review*, 10(4), 336–353.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2006). *Plan of action: World programme for human rights education*. New York: Höfundur.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík: Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna – Félagsvísindastofnun og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

- Stangor, C., Jonas, K., Stroebe, W. og Hewstone, M. (1996). Influence of student exchange on national stereotypes, attitudes and perceived group variability. *European Journal of Social Psychology*, 26(4), 663–675.
- Tenenbaum, H. R. og Ruck, M. D. (2012). British adolescents' and young adults' understanding and reasoning about the religious and nonreligious rights of asylum-seeker youth. *Child development*, 83(3), 1102–1115.
- Torney-Purta, J., Lehmann, R., Oswald, H. og Schulz, W. (2001). *Citizenship and education in twenty-eight countries: Civic knowledge and engagement at age fourteen*. Amsterdam: IEA. Sótt af <http://terpconnect.umd.edu/~jtpurta/interreport.htm>
- Triandafyllidou, A. (2006). Nations, migrants and transnational identifications: An interactive approach to nationalism. Í G. Delanty og K. Kumar (ritstjórar), *The Sage handbook of nations and nationalism* (bls. 285–294). London: Sage.
- UNHCR. (2011). Global trends 2011. Sótt af <http://www.unhcr.se/is/hjalgargoegn/toelfraedi/global-trends-2011.html>
- Unnur Karlsdóttir. (2003). Maður íslenskur: Hugmyndir á fyrri hluta 20. aldar um samband íslensks þjóðernis og kynþáttar. Í Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstjórar), *Þjóðerni í þúsund ár?* (bls. 183–195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Innflytjendur á Íslandi. *Homo*, 21–23.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). Cultivating culture? Images of Iceland, globalization and multicultural society. Í Sverrir Jakobsson (ritstjóri), *Images of the North: Histories – identities – ideas* (bls. 205–215). Amsterdam: Rodopi.
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi: Viðhorfskönnun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af [http://www.mcc.is/media/frettir//Innflytjendur\\_a\\_Islandi\\_\(nyrri\\_utgafa\).pdf](http://www.mcc.is/media/frettir//Innflytjendur_a_Islandi_(nyrri_utgafa).pdf)
- Valentine, G. og McDonald, I. (2004). *Understanding prejudice: Attitudes towards minorities*. London: Stonewall.
- Velferðarráðuneytið. (e.d.). Flóttafólk. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/flottaflolk/>
- Wainryb, C. (2006). Moral development in culture: Diversity, tolerance, and justice. Í M. Killen og J. G. Smetana (ritstjórar), *Handbook of moral development* (bls. 211–240). Mahwah: Lawrence Erlbaum.
- Watkins, W. H. (2005). Race and morality: Shaping the myth. Í L. Nucci (ritstjóri), *Conflict, contradiction and contrarian elements in moral development and education* (bls. 173–192). Mahwah: Lawrence Erlbaum.
- Wilkinson, S. og Kitzinger, C. (ritstjórar). (1996). *Representing the other: A feminism & psychology reader*. London: Sage.

*Greinin barst tímaritinu 27. febrúar 2013 og var samþykkt til birtingar 12. september 2013*

## UM HÖFUNDANA

*Margrét A. Markúsdóttir* (mam6@hi.is) lauk M.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í febrúar 2013. Hún lauk kennaraprófi árið 2010 frá sama skóla. Rannsóknaráhugi hennar beinist einkum að mannréttindum, borgaravitund ungmenna og viðhorfum þeirra til innflytjenda og flóttamanna.

*Sigrún Aðalbjarnardóttir* (sa@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi frá Harvardháskóla árið 1988. Helstu rannsóknasvið hennar eru borgaravitund ungs fólks; félagsþroski og samskiptahæfni barna og ungmenna; áhættuhegðun og seigla ungs fólks; uppeldisaðferðir foreldra; menntunarsýn kennara og skólustjórnenda; og skólaþróun. Hún var á árum áður grunnskólakennari og vann að námsefnis- og námskrárgerð í samfélagsfræði hjá skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins (sjá [www.uni.hi.is/sa](http://www.uni.hi.is/sa)).

## *Young people's attitudes towards the human rights of immigrants and refugees: An interview study*

### ABSTRACT

Research on young people's civic awareness and engagement has been expanding from a primary focus on their political views (Kubow, Grossman, & Ninomiya, 2000) to an emphasis on their views on various societal issues, such as their attitudes towards different social and cultural groups, including immigrants (e.g. Torney-Purta, Lehmann, Oswald, & Schulz, 2001). Most of the research on young people's attitudes towards immigrants has been conducted with questionnaires (e.g. Kerr, Sturman, Schulz, & Burge, 2010). This qualitative study, conducted in Iceland, is part of a larger research project on „Young people's civic engagement in a democratic society“ which uses both quantitative and qualitative methods to collect and analyze data. The study presented here focuses on two issues: young people's attitudes towards the rights of immigrants and their reception of refugees by using semi-structured in-depth interviews. Nineteen young people in two age groups, 15 and 19 years old, participated in the study. Thematic analysis was used to explore their views.

The main results of the thematic analysis suggest two main themes for the issue of attitudes towards the rights of immigrants: *“opportunities”* and *“we and the other”* (othering). First, for the theme *“opportunities”*, three subthemes emerged. The first was *the importance of language*. These young people felt that learning Icelandic was key to immigrants participating in the society, but they also saw the difficulty that immigrants could face in learning it; thus inadequate competence in Icelandic could

present obstacles, for example in getting a job. They also thought this could inhibit immigrants from getting to know people, making friends, and communicating in general. The second theme was *equal rights*: immigrants should be able to enjoy the same rights as other citizens, such as having a voice about social issues through the right to vote and to maintain their identity related to their cultural origins. The third theme was *prejudice*: the young people felt that prejudices towards immigrants could keep them from participating in society.

Second, the main theme of *"we and the other"* consists of two subthemes. The thematic analysis revealed that five of the young people made a clearer distinction between "us" and "them" in their discussion about immigrants. In other words, they "othered" immigrants. The analysis indicated that their views about immigrants reflected to some extent two subthemes: *ideas about an Icelandic cultural identity* and their *fear of changes* in Icelandic culture, religion, and society.

For the remaining issue, i.e. attitudes towards the reception of refugees, the thematic analysis revealed three main themes. The first was *"human rights"*: here, the young people felt that refugees should enjoy the same human rights as other people, and that they should be able to feel secure, given our common human need for safety and shelter. The second theme was *"limiting the numbers of refugees"* and using a background check to avoid allowing just "anyone" to enter Iceland as a refugee. The third theme was an emphasis on *"morality and helping"* others, including the moral responsibility and duty to help refugees who need assistance.

The study's main limitation is that the young people could have been asked about their views of the refugees' rights in greater depth. Also, the interview method may be limited, as some of these young people might have found it difficult to express and describe their ideas and experiences. The study has at least two key strengths: First, by using in-depth interviews, which focus on young people's views of the rights of immigrants and the reception of refugees, we can get a more holistic picture and a deeper understanding of their thinking about the rights of minority groups. Second, few studies have used in-depth interviews to understand young people's attitudes to immigrants. Given these strengths, the study should make an important contribution to this field of study, on both national and international levels.

We do hope that our findings can be of use to researchers in this field, to those who work in human rights education, and to those who raise and educate children and young people of different backgrounds in situations that aim to cultivate their social, ethical, and civic growth.

*Keywords*: Human rights, civic engagement, young people, immigrants, refugees

## ABOUT THE AUTHORS

*Margret A. Markusdottir* (mam6@hi.is) completed her M.A.-degree in education with an emphasis on risk, resiliency and prevention in February 2013 at the University of Iceland, School of Education. She completed an Education Postgraduate diploma in 2010 also at the University of Iceland. Her main research interests are human rights, young people's civic engagement, and their attitudes towards immigrants and refugees.

*Sigrun Adalbjarnardottir* (sa@hi.is) is a professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a doctoral degree from Harvard University in 1988. Her research projects include a longitudinal study on risk, relationships and the resilience of young people; youth's civic engagement; youth's social and interpersonal awareness; parenting styles; teachers' professional development; and school development (see [www.uni.hi.is/sa](http://www.uni.hi.is/sa)).